

Umhverfis- og samgöngunefnd

10.apríl 2026

529. mál – Lagareldi 530. mál – Lax- og silungsveiði o.fl. (bætt lagaumgjörð)

Umsagnagátt Alþingis

Vakin er athygli á að Landvernd sendir hér athugasemdir við bæði frumvörpin í sama skjali enda sent sameiginlega til umsagnar.

Umsögn Landverndar um frumvörp til nýrra heildarlaga um lagareldi og um breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, lögum um fiskrækt og lögum um Fiskræktarsjóð

1. Inngangur

Landvernd leggur hér fram umsögn um tvö frumvörp sem kynnt hafa verið samhliða: Annars vegar frumvarp til nýrra heildarlaga um lagareldi (sjókvíaelði, landeldi, hafeldi og fjarðarheit) og hins vegar frumvarp um breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, lögum um fiskrækt og lögum um Fiskræktarsjóð (bætt lagaumgjörð).

Landvernd áréttar að lagasetning á þessu sviði verður að byggja á vistkerfisnálgun, varúðarreglu, mengunarbótareglu og skýru réttarríkissjónarmiði. Villtir laxastofnar eru viðkvæm náttúruauðlind og lykilþáttur í líffræðilegri fjölbreytni og menningar- og atvinnusögu landsins. Þeir eru jafnframt grundvöllur veiðihlunninda og atvinnu í dreifðum byggðum. Þegar áhætta er kerfislæg, endurtekin og að hluta óafturkræf (t.d. erfðablöndun), ber að velja þá stefnu sem lágmarkar áhættu – ekki þá sem gerir ráð fyrir að hægt sé að „stýra“ henni með vöktun eingöngu.

Í opinberri umræðu um drögin hefur komið fram hörð gagnrýni frá aðilum sem vinna að vernd villtra laxfiska. Bent hefur verið á að drög að heildarlögum um lagareldi svari ekki kröfum um raunverulega áhættulækkun, að áhættumat erfðablöndunar sé gert minna bindandi og að skorti skýr sólarlagsákvæði eða tímamörk um útfösun opins sjókvíaeldis með frjóum laxi. Einnig hefur verið varað við því að með kerfi sem líkist „laxahlut“ eða framseljanlegum framleiðsluheimildum kunni ríkið að binda hendur sínar til framtíðar og jafnvel skapa grundvöll skaðabótakröfu ef nauðsynlegar takmarkanir verða settar síðar.

Landvernd leggst gegn frumvarpi til nýrra heildarlaga um lagareldi í þeirri mynd sem það liggur fyrir. Drögin ganga gegn markmiðum um vistkerfisnálgun og varúðarreglu og festa í sessi áframhaldandi opið sjókvíaelði með frjóum laxi í fjörðum landsins sem er ekki framtíðarsýn um sjálfbæra framtíð.

2. Umsögn um frumvarp til nýrra heildarlaga um lagareldi

Landvernd telur stærsta annmarka frumvarpsins að það virðist fyrst og fremst miða að því að „gera greinina rekstrarhæfa“ og einfalda stjórnsýsluferli, fremur en að tryggja mælanlega og bindandi áhættulækkun fyrir náttúru og lífríki og herða eftirlit sem margítrekað hefur sýnt að er brýn þörf á. Að mati Landverndar dugar ekki að setja fram almenn markmið um umhverfissjónarmið ef í framkvæmd er áfram heimiluð umfangsmikil framleiðsla í opnum sjókvíum með netapokum með frjóum eldislaxi. Netpokar koma ekki í veg fyrir stök á löxum og endalausar tilraunir á síðustu áratugum hafa engu skilað, enda koma upp á Íslandi árlegar slyasleppingar. **Þó að vöktun sé nauðsynleg er hún ekki ígildi varnar.** Þegar framleiðsluhættir fela í sér endurteknar sleppingar, útbreiðslu laxalúsar og sjúkdóma, auk lífræns álags á viðkvæm vistkerfi og firði, er um að ræða

áhættu sem erfitt er að bæta úr eftir á. Sérstaklega á það við um erfðablöndun villtra laxastofna, sem getur haft langvinn áhrif á aðlögunarhæfni stofna og líffræðilega sérstöðu þeirra. Slíkar breytingar eru að verulegu leyti óafturkræfar og því ber að leggja ríka áherslu á forvarnir.

Stórlega skortir rannsóknir á vistkerfi fjarða og afleiðingar uppsöfnunar á mengandi efnum frá opnum sjókvíum m.a. á botndýralíf og mögulegar hrygningarstöðvar fiska inn á fjörðum landsins.

3. Áhrif á villta laxastofna og vistkerfi: Laxalús, sleppingar, sjúkdómar og erfðablöndun

Landvernd telur að frumvarpið meti ekki með fullnægjandi hætti samverkandi áhrif lagareldis á villta laxastofna. Í opnu sjókvíaeldi er eldislaxi haldið í umhverfi sem deilir vatni, sýklum, lús og erfðaeefni með villtum stofnum. Þegar slysasleppingar verða – vegna bilana, veðurs, mannglegra mistaka eða annarra atvika – skapast bein leið fyrir eldisfisk til uppgöngu í ár og til hrygningar. Þá er hætta á erfðablöndun og breyttum stofneinkennum villtra laxastofna.

Laxalús og önnur sníkjudýr/sýklar sem fylgja þéttum eldisstofnum geta haft sérstaklega alvarleg áhrif á gönguseiði og smálax sem ferðast um firði á leið sinni til sjávar. Þótt frumvarpið nefni auknar vöktunarheimildir og áherslur á dýraheilbrigði, skortir að mati Landverndar skýr, bindandi viðmið og viðbragðsferli sem leiða sjálfkrafa til minnkunar framleiðslu eða stöðvunar þegar hættumörk nálgast eða farið er yfir. Laxeldi í opnum sjókvíum á Íslandi er ekki sjálfbært enda iðnaðinum meinað að merkja umbúðir sínar þannig. Ekki er heldur hægt að sinna dýraheilbrigði eins og þyrfti því þaueldi býður ekki upp á að hægt sé að fara vel með lax við þær aðstæður sem honum eru skapaðar. Opíð eldi felur í sér lífrænt álag (fóðurlos, saur, lyfja- og efnafar) sem getur haft áhrif alvarlegar afleiðingar á botndýralíf, næringarefnajafnvægi og viðkvæm svæði í lokuðum eða lítt straumhörðum fjörðum.

Landvernd bendir á að áhætta og kostnaður dreifist ekki jafnt. Veidiréttarhafar, landeigendur og samfélög sem byggja hluta tekna sinna á veiði og tengdum ferðum/lífsstíl bera stóran hluta áhættunnar og hafa þegar orðið fyrir tapi og orðspori sem er ómælt, á meðan arður (ef einhver) rennur að stórum hluta til stórra eldisfyrirtækja, oftast í erlendu eignarhaldi. Verði villtir laxastofnar fyrir varanlegri hnignun eða tapast, eru afleiðingarnar bæði vistfræðilegar og efnahagslegar – og ekki síst menningarlegar – og er óraunhæft að gera ráð fyrir að slíkt tap verði bætt með vöktun eða „mótvægisáðgerðum“.

4. „Laxahlutur“/framleiðsluheimildir og framsal: Kvótavæðing sem getur bundið hendur ríkisins

Landvernd telur varhugavert að setja upp kerfi sem skapar varanlegar eða framseljanlegar framleiðsluheimildir í lagareldi með því að heimildirnar geti orðið að viðskiptalegum „réttindum“ (ígildi kvóta) sem fyrirtæki byggja verðmæti, veðsetningar og rekstraráætlanir á. Slík réttindavæðing breytir eðli og framtíð starfseminnar og bindur hendur stjórnvalda. Í stað þess að heimildir séu skilyrt stjórnsluákvörðun sem unnt er að endurskoða hratt þegar náttúruvernd krefst, verður til kerfi þar sem breytingar geta leitt til ágreinings og jafnvel skaðabótakrafna.

Í opinberri umræðu hefur verið varað við því að með „laxahlut“ eða sambærilegum heimildum geti skapast krafa um bætur ef framleiðsluheimildir verða skertar síðar, jafnvel þótt skerðing sé nauðsynleg til að vernda villta laxastofna og vistkerfi. Landvernd tekur undir þau varnaðarorð. Ef stjórnvöld setja upp kerfi sem gerir ráð fyrir framsali og viðskiptalegum réttindum, er hætta á að úrelt og mengandi tækni verði fest í sessi og að hvatar til raunverulegra tækniskipta (lokuð kerfi, ófrjór lax o.fl.) veikist í reynd.

5. Áhættumat erfðablöndunar verður að vera bindandi og gegnsætt

Landvernd telur óásættanlegt að dregið sé úr bindandi vægi áhættumats erfðablöndunar við leyfisveitingar eða endurskoðun rekstrarheimilda. Slíkt mat þarf að vera sjálfstætt, byggt á bestu fánlegu vísindum, opinbert og bindandi, þannig að þegar ákveðin viðmiðunarmörk um áhættu fyrir

villta stofna nást eða er farið yfir, leiði það sjálfkrafa til minnkunar eða afturköllunar heimilda. Annars er hætt á að markmið um vernd villtra stofna víki þegar skammtímahagsmunir eða pólitískur þrýstingur vex.

6. Stjórnsýsla í molum og mótmæli við ítrekuðum brotum - Seyðisfjörður

Landvernd telur að umfjöllun um lagareldi verði ekki aðskilin frá þeirri stjórnsýslusögu sem hefur einkennt leyfisveitingar og stefnumótun á undanförunum árum. Samtökin mótmæla þeirri aðferð að þegar bent er á að stjórnvöld eða stofnanir hafi gengið á svig við lög og reglur, sé brugðist við með því að breyta reglum eða lögum eftir á til að gera umdeildar ákvarðanir „lögmætar“. Slík stjórnsýsla grefur undan jafnræði, fyrirsjáanleika og trausti og veikir getu samfélagsins til að vernda náttúruauðlindir á grundvelli laga. Slík vinnubrögð stjórnvalda virðast hins vegar vera að festa sig í sessi. Löggjafinn treystir sér ekki að fara að eigin lögum og reglum heldur breytir þeim í þágu sérhagsmuna á kostnað almennaréttar og fer endurtekið gegn Árórsarsamningnum.

Landvernd vekur sérstaka athygli á ágreiningi um uppbyggingu fiskeldis í Seyðisfirði. Þar hafa ítrekað komið fram alvarlegar athugasemdir um annmarka á málsmeðferð, gagnsæi og lagastoð ákvarðana, auk þess að stjórnsýslan hefur ekki staðið undir kröfum um vandaða, hlutlæga og fyrirsjáanlega ákvörðunartöku. Stjórnvöld hafa hvað eftir annað verið rekin út í horn. Landvernd telur óviðunandi í lýðræðisríki að viðbrögð við slíkri gagnrýni séu sú niðurstaða að „laga umgjörðina“ eftir á þannig að þegar ágreiningur eða álitamál koma upp sé frekar leitað leiða til að ryðja hindrunum úr vegi fyrir tiltekna framkvæmd en að stöðva, endurmeta eða endurtaka ferlið á lögmætum grunni. Mótmæli mikils meirihluta íbúa á Seyðisfirði hafa verið hunsuð, þótt stjórnvöld hefji upp mikilvægi þess að hlusta á nærsamfélagið og taka mið af vilja og þörfum þess. Þau orð eru ómerk á Seyðisfirði.

Landvernd hvetur Umhverfis- og samgöngunefnd til þess að kalla eftir **óháðri úttekt** á stjórnsýslu, leyfisveitingum, samráði og forsendum ákvarðana í þeim fjörðum þar sem ágreiningur hefur verið hvað mestur. Slík úttekt þarf að fjalla um hvort jafnræði, réttur almennings til þátttöku, upplýsingaréttur og rökstuðningsskylda hafi verið virt – og hvort stjórnvöld hafi byggt upp ferli sem gerir kleift að breyta lögum og reglum eftir á og leiðrétta svo með reglubreytingum í stað þess að axla ábyrgð á annmörkum og eigin mistökum.

Varðandi Mjóafjörð ítrekar Landvernd að sá fjörður var settur inn á strandsvæðaskipulag án þess að sótt hefði verið þar um leyfi sem átti að vera forsenda gerð strandsvæðaskipulags á sínum tíma. Í opinberri umræðu hefur komið fram sú afstaða að þegar ráðgjöf um burðarþol liggja fyrir verði „ekkert því til fyrirstöðu að farið verði í útboð á svæðunum“. Landvernd mótmælir þeirri nálgun. Hún snýr skipulags- og umhverfismatsferli á haus og gerir ráð fyrir fyrirfram gefinni niðurstöðu um nýtingu svæðis á síðari stigum. Landvernd áréttar að áður þarf að liggja fyrir gagnsætt mat á náttúruverndargildum, samlegðaráhrifum, áhættu fyrir villta stofna og samfélagslegum áhrifum, og að almenningur og hagsmunaaðilar hafi raunverulega aðkomu að ákvörðun um hvort fiskeldi sé samrýmanlegt markmiðum um verndun fjarðarins. Ekkert af þessari vinnu fór fram um Mjóafjörð og burðarþolsmat eitt og sér er ekki ígildi umhverfismats þar frekar en annarsstaðar þar sem vistkerfi fjarða hafa í raun hvergi verið rannsökuð til hlítar áður en leyfi hafa verið gefin út.

7. Leyfisveitingar mega ekki leiða til hnignunar

Landvernd telur óhjákvæmilegt að meta frumvarpið í ljósi þeirra grundvallarreglna sem gilda um vernd vatnshlota og náttúru, þar á meðal meginreglunnar um að heimila ekki starfsemi sem leiðir til hnignunar nema uppfyllt séu ströng skilyrði, rökstutt og sýnt fram á almannahagsmuni, skort á raunhæfum valkostum og mótvægisáðgerðir sem tryggja heildarniðurstöðu. Í opinberri umræðu hefur verið bent á nýlegar niðurstöður EFTA-dómstólsins sem styrki þessa nálgun og að opið sjókvíaelði í núverandi mynd sé ósamrýmanlegt slíkum kröfum ef það felur í sér fyrirsjáanlega hættu á hnignun vistkerfa og villtra laxastofna og vegna náttúrulegs lífríkis á viðkomandi svæðum.

Það er ekki hlutverk náttúrunnar – né veiðiréttarhafa eða félagasamtaka – að „sanna“ tjón eftir á. Sönnunarbyrðin verður að vera hjá leyfishafa og stjórnvöldum að þeir sýni fram á að fyrirhugað laxamagn, staðsetning og almennt rekstrarhættir valdi ekki hnignun og stefni ekki villtum stofnum í hættu. Frumvarpið verður að styrkja verulega og breyta til að tryggja þetta. Landvernd telur að án skýrra, sjálfvirkra og bindandi viðmiða (erfðablöndun, sleppingar, laxalús og lífrænt álag) muni löggjöfin færa áhættuna yfir á náttúruna, á meðan fyrirtæki halda áfram rekstri þar til tjón er orðið óumdeilanlegt – sem er of seint.

8. Útboð, smitvarnasvæði, „óráðstafaður laxahlutur“ og 16 ára leyfi

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir smitvarnasvæðum og að heimildum til sjókvíaeldis geti verið úthlutað með útboði. Jafnframt er rekstrarleyfi veitt til 16 ára og endurnýjun tengd frammistöðu. Landvernd telur að þessar áherslur – útboð, langtímaleyfi og kerfi sem býr til „óráðstafaðan laxahlutur“ hafi í heild sinni sterk einkenni of mikilla réttinda á nýtingu hafsvæða. Þótt markmiðið sé skilvirkni getur framkvæmdin skapað fjárhagslegar og pólitískar hindranir gegn því að draga úr eða afnema heimildir þegar umhverfisvernd krefst, enda verður þá vísað til fjárfestinga, atvinnu, byggðasjónarmiða og „fyrirsjáanleika“.

Landvernd mótmælir harðlega að stefnan sé að útbúa „kvótalíkt“ kerfi fyrir sjókvíaeldi, þar sem aðgangur að fjörðum og vatnshlotum verður að söluhæfum réttindum. Ef löggjafinn telur óhjákvæmilegt að leyfa eldi tímabundið á tilteknum svæðum verður að tryggja að heimildir séu **óframseljanlegar, raunverulega tímabundnar**, endurskoðanlegar með stuttum fyrirvara og **afturkallanlegar án bóta** þegar náttúruvernd og almannahagsmunir krefjast. Annars er verið að flytja áhættuna af tæknilegum og vistfræðilegum óvissuþáttum yfir á ríkið/almenning, skattgreiðendur og byggðir sem lifa af villtum stofnum. Það að ætla að ráðstafa fjörðum landsins í hendur einkaaðila til langrar framtíðar er ígildi eignaupptöku á kostnað íbúa þessa lands og komandi kynslóða.

9. Kröfur Landverndar og tillögur að breytingum

1. **Sólarlagsákvæði og tímamörk:** Setja þarf skýr og bindandi tímamörk um útfösun opins sjókvíaeldis með frjóum laxi í fjörðum, með mælanlegum áföngum og viðurlögum ef þeim er ekki náð. Þessi iðnaður er ósjálfbær og mengandi og slíkt er ekki hægt að staðfesta í lög.
2. **Bann eða skilyrt heimild um frjóan lax:** Þar til sýnt er fram á fullnægjandi vernd villtra stofna skal frjóum laxi ekki vera heimilt að vera í opnum kerfum. Að lágmarki þarf að gera ófrjóan lax að fortakslausu skilyrði í opnum kerfum.
3. **Bindandi áhættumat erfðablöndunar:** Meðan sjókvíaeldi er enn við lýði í opnum kvíum verður áhættumat að vera bindandi, gagnsætt og endurskoðað reglulega. Þegar áhætta fer yfir viðmiðunarmörk skulu heimildir minnka sjálfkrafa og eða starfsemi lokað.
4. **Viðbragðsferli vegna laxalúsar og sleppinga:** Setja þarf skýr viðmið og sjálfvirk viðbrögð (minnkun lífmassa, stöðvun, slátrun) þegar lús/ sjúkdómar/ sleppingar ná tilteknum mörkum.
5. **Engin framseljanleg „kvótalík“ réttindi:** Forðast ber kerfi sem skapar varanleg, framseljanleg framleiðsluréttindi sem geta leitt til skaðabótaskyldu eða fest mengandi tækni í sessi.
6. **Mengunarbótaregla og ábyrgð:** Eldisfyrirtæki skulu bera allan kostnað af vöktun, viðbrögðum, endurheimt og tjóni sem rekja má til starfseminnar, þar með talið tjóni á villtum stofnum og veiðihlunnindum.
7. **Réttarríki og ferli:** Tryggja þarf að skipulag, umhverfismat og leyfisveitingar séu framkvæmd á lögmeðum grunni. Stjórnvöld skulu ekki breyta reglum eftir á til að réttlæta ákvarðanir sem byggja á annmarka og eigin misstököm.

Umsögn um frumvarp um lax- og silungsveiði, fiskrækt og Fiskræktarsjóð

Almennt

Landvernd tekur undir að lög um lax- og silungsveiði og fiskrækt eigi að miða að sjálfbærri nýtingu samkvæmt viðurkenndum líffræðilegum viðmiðum, með varúðarreglu og þörfum vistkerfa að leiðarljósi. Jákvætt er að lögð sé áhersla á gagnsæi, m.a. með birtingu nýtingaráætlana og skýrari kröfum um framkvæmd fiskræktar.

Landvernd vill þó árétta að sterkari lög um fiskrækt og nýtingu í ám leysa ekki þá meginógn sem villtum laxastofnum stafar af lagareldi í opnum sjókvíum. Það er ekki ásættanlegt að auka íþyngjandi skyldur, gagnaskil og viðurlagaheimildir gagnvart veiðiréttarhöfum og veiðifélögum, á sama tíma og löggjafinn setur ekki afdráttarlaus og bindandi höft á þá starfsemi sem hefur sýnt sig valda mestri kerfislægri áhættu (sleppingar, lús og erfðablöndun).

1. Nýtingaráætlanir og reglugerðarvald

Í frumvarpinu er lagt til að nýtingaráætlanir skuli miða að sjálfbærni samkvæmt líffræðilegum viðmiðum og að Hafrannsóknarstofnun og Fiskistofa staðfesti áætlanir, en ráðherra setji reglugerð um viðmiðin og nánari atriði. Landvernd leggur áherslu á að slík viðmið verði ekki mótuð með þröngum hætti eða án sjálfstæðrar vísindalegrar forsendu. Tryggja þarf gagnsæi og raunverulega aðkomu hagsmunaaðila (þ.m.t. umhverfisverndar og náttúruverndar), auk skýrra málsmeðferðarreglna um andmælarétt, rökstuðning og kærueimildir.

2. Fiskiræktaráætlanir

Í frumvarpinu er lagt til að fiskræktaráætlanir verði ítarlegri, að leggja skuli rökstutt mat á þörf fyrir inngríp og að greina skuli erfðauppruna fiska þannig að tryggt sé að þeir séu úr viðkomandi veiðivatni og „hafi ekki orðið fyrir erfðablöndun við eldisstofna“. Landvernd styður að slík varúðarsjónarmið séu tekin alvarlega, enda getur fiskrækt – ef rangt er að henni staðið – haft neikvæð áhrif.

Landvernd telur hins vegar að ákveðin útfærsla í frumvarpinu fari of langt, m.a. þar sem gert er ráð fyrir að fiskræktaráætlun geti fallið **sjálfkrafa úr gildi** ef upplýsingar og gögn berast ekki tímanlega (að undangenginni áminningu). Slík sjálfvirk refsíáhrif geta reynst ósanngjörn, sérstaklega þar sem veiðifélög og landeigendur eru oft sjálfbodaliðadriðin eða smá í sniðum. Þá er einnig varhugavert að setja veiðiréttarhöfum sönnunarbyrði um að stofnar þeirra hafi ekki orðið fyrir erfðablöndun við eldisstofna – á sama tíma og ríkið hyggst áfram heimila opið sjókvíaeldi sem er meginkraftur slíkra áhrifa margfaldur á við fiskirækt þar sem hrognataka er innan sama svæðis villtra laxa.

Landvernd telur jákvætt að styrkja þekkingargrunn um göngu og stofnstærðir með tækni á borð við áreiðanlega viðurkennda fiskteljara og að niðurstöður verði birtar. Samtökin leggja áherslu á að uppsetning, rekstur og gagnanýting verði unnin í nánu samráði við landeigendur og veiðiréttarhafa, með skýrum reglum um aðgang, eignarhald gagna, vinnslu og birtingu. Einnig þarf að liggja fyrir hvernig kostnaður skiptist, þannig að ekki verði nýjum, íþyngjandi kostnaði varpað yfir á veiðifélög á sama tíma og kerfislæg áhætta frá sjókvíaeldi hefur verið minnkuð.

3. Ágengar tegundir – bann við flutningi fisks milli veiðivatna

Landvernd styður að stjórnvöld hafi skýrari heimildir til að bregðast við ágengum og framandi tegundum í veiðivötnum, enda geta tegundir með ólíkan uppruna haft umtalsverð áhrif á vistkerfi og nýtingu. Samtökin leggja áherslu á að reglusetning um veiðar/aflifun verði unnin með skýrum leiðbeiningum til að tryggja að verndaðar tegundir verði ekki fyrir röngum veiðiaðferðum. Þá er bann við flutningi fisks milli veiðivatna mikilvægur þáttur til að draga úr sjúkdóma- og erfðablöndunaráhættu, og Landvernd tekur undir að slík regla sé grundvallarsjónarmið í vernd villtra stofna.

Viðauki

- Tryggja þarf gott eftirlit og fjármögnun vöktunar og erfðagreininga.
- Mjög mikilvægt er svo hægt sé að bregðast við að eigendur veiðiáa fái tilkynningar strax þegar um laxastrok verður úr sjókvíum og að til séu viðbragðsáætlanir svo hægt sé að lágmarka amk hugsanlegt tjón af frjóum framandi laxastofnum.
- Forgangsráða þarf villta laxastofninum og lögfesta þegar hagsmunir stangast á og skuli vernd villtra stofna og vistkerfa vega þyngra í öllum tilvikum enda skal viðhafa varúðarnálgun í alla staði.

Lokaorð – laxeldi í opnum sjókvíum og lax og silungsveiði

Landvernd telur að frumvarp til nýrra heildarlaga um lagareldi, eins og það liggur fyrir, uppfylli ekki um lágmarkskröfu um vernd villtra laxastofna og viðkvæmra vistkerfa. Að mati Landverndar er stórkostleg hættu á að frumvarpið festi opið sjókvíaeldi með frjóum laxi í sessi, ásamt útboðskerfi sem er á pari við kvótasetningu sem bindi hendur ríkisins til framtíðar. Nefndin er hvött til að tryggja að breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, fiskrækt og Fiskræktarsjóður verði samhæfður hluti af heildstæðri verndaráætlun fyrir villta laxastofna þar sem stærstu ytri áhættuþættirnir (laxalús, sleppingar og erfðablöndun frá sjókvíaeldi, verði teknir með afgerandi hætti. Að að síðustu er mikilvægt að hlustað verði á mikinn meirihluta íbúa á Seyðisfirði sem hafa verið hunsaðir þrátt fyrir að stjórnvöld segist í hvítvetna leggja sig fram við að hlusta á nærsamfélagið og taka mið af vilja og þörfum þess. Með þessu frumvarpi hafa fyrirtæki í laxeldi ótengd nærsvæðunum áheyrn ráðherra og ríkisstjórnar, en ekki nærsamfélagið.

Með vinsemd og virðingu.

Formaður Landverndar: Þorgerður María Þorbjarnardóttir